

Fimmtudaginn 15. maí 1975.

Nr. 162/1973. **Jónas Guðlaugsson**

f. h. Svefnbekkjaiðjunnar

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Magnússyni og gagnsök

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóمندur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Vinnuslys. Skaðabótamál. Löghaldsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. nóvember 1973. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda 53.050 krónur með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags, en málskostnaður verði niður felldur í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. nóvember 1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 453.050 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags. Þá krefst hann staðfestingar löghaldsgerðar, sem framkvæmd var 18. apríl 1973. Enn fremur krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, féll þingsókn niður af hálfu aðaláfrýjanda í héraði, áður en hann skilaði þar greinargerð, og er málið dæmt þar eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936.

Málsaðiljar eru sammála um, að vangreidd vinnulaun gagnáfrýjanda nemi 53.050 krónum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur lögreglurannsókn farið fram á atvikum að slysi því, er í málinu greinir, og hafa aðiljar máls gefið skýrslu fyrir lögreglu svo og tveir starfsmenn á starfsstöð aðaláfrýjanda.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins 25. febrúar 1973, er fær stoð í skýrslu rannsóknarlögreglu 20. september 1974, vantaði hlífar á trésmíðavél þá, sem gagnáfrýjandi starfaði við, er hann slasaðist. Rekja má slysfarir þær, er í málinu greinir, til þessa vanbúnaðar, og ber, eins og mál þetta horfir við, að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans.

Jónas Hallgrímsson yfirlæknir skoðaði gagnáfrýjanda og mat örorku hans. Í skýrslu yfirlæknisins 4. júní 1973 segir m. a. svo:

„Við skoðun sést ör á vinstra þumalfingri, og liggur það á ská frá ytri helming þumalfingursins upp yfir á mediala hlutann, og fer örið yfir interphalangeal liðinn. Aukin fyrirferð er yfir liðnum, og nöglin er afmynduð (óeðlilega mjó). Ytri köggullinn virðist dálítið rýrnaður. Við athugun á hreyfingum kemur í ljós, að flexio í interphalangeal lið vinstra þumals er aðeins 20—30°, en hægra megin er hún 90°. Hann getur náð saman með fingurgómi vinstra þumals og fingurgómum hinna fingranna (oppositio).

Guðmundur segist hafa verið frá vinnu þar til 9. janúar 1973, og fór hann þá að vinna fulla vinnu. Hafði hann umbúðir um fingurinn fyrsta hálfa mánuðinn á eftir.

Niðurstaða:

Guðmundur hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Eru ekki líkur til, að fingurinn lagist mikið úr þessu.

Örorka hans telst sem hér segir:

Frá slysinu í 2 vikur	100%
Síðan í 2 vikur	75%
Síðan í 2 vikur	50%
Síðan í 2 vikur	25%
Loks varanleg örorka 7%“.	

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur 19. júní 1973 reiknað með líkindatölum örorkutjón gagnáfrýjanda miðað við slysdag. Segir svo m. a. í skýrslu hans:

„Sem algengar vinnutekjur iðnaðarmanna nota ég tölur Framkvæmdastofnunar ríkisins (áður Efnahagsstofnunarinnar) samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum iðnaðarmanna í Reykjavík. Er stuðst við tekjur 10 ára tímabils, 1962—1971, umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Reiknast mér árstekjur með þessu móti verða sem hér segir:

Árið 1972 (frá slysdegi)	kr. 515.074.00
— 1973	— 584.509.00
Eftir þann tíma	— 607.263.00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við örorkumatíð, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 vikur eftir slysið	kr. 47.879.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma —	526.166.00

Samtals kr. 574.045.00

Eins og áður er sagt, hef ég til samanburðar reiknað tap vinnutekna á grundvelli tekna Guðmundar starfsárið 1970 (að tekjum af landbúnaði meðtöldum), umreiknaðra með tilliti til breytinga á vikukaupi trésmiða á verkstæðum, en meginhluti tekna hans umrætt ár eru launagreiðslur frá Breiðholti hf. Umreiknaðar á þann hátt reiknast mér árstekjur verða sem hér segir

Árið 1972 (frá slysdegi)	kr. 299.253.00
— 1973	— 339.628.00
Eftir þann tíma	— 352.859.00

Miðað við þessar vinnutekjur og tap tekna í samræmi við örorkumatíð reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 vikur eft- ir slysið	kr. 27.816.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma —	305.736.00

Samtals kr. 333.552.00“.

Í skýrslu þessari er reiknað „með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlífendatöflum íslenskra karla 1951—1960“.

Pegar virtar eru upplýsingar um vinnutekjur gagnáfrýjanda, framangreindur örorkutjónsútreikningur og annað það, sem hér skiptir máli, þykja fébætur til gagnáfrýjanda vegna örorkutjóns hans hæfilega metnar 310.000 krónur, og hefur þá verið dregin frá dagpeningagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, 8.993 krónur.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 363.050 krónur (53.050 krónur + 310.000 krónur) ásamt 7% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til 16. maí s. á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að staðfesta löghaldsgerð þá, sem framkvæmd var 18. apríl 1973.

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 110.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Jónas Guðlaugsson f. h. Svefnbekkja-
iðjunnar, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Magnússyni,
363.050 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 18. apríl 1973
til 16. maí s. á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til
greiðsludags.

Löghaldsgerð sú, sem framkvæmd var í fógetarétti
Reykjavíkur 18. apríl 1973, er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héra-
ði og fyrir Hæstarétti, samtals 110.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. apríl sl., af Guðmundi Magnússyni húsgagnasmið, Grettisgötu 5, Reykjavík, gegn einkaeiganda Svefnbekkjaiðjunnar, Jónasi Guðlaugssyni, Höfðatúni 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 500.000 með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati hins virðulega dómara. Þá er og krafist staðfestingar á lögghaldsgerð, sem framkvæmd hafi verið í eigum stefnda 18. apríl 1973 í tveim trésmiðavélum, annarri af gerðinni Record með fylgihlutum og hinni af gerðinni D. C. L., pússningavél af ítalskri gerð, en lögghald þetta hafi verið gert til tryggingar kr. 200.000 af heildarstefnukröfu þessari. Þess er krafist, að kostnaður dómara við lögghaldsgerðina verði metinn með málskostnaði af heildarkröfunni, sem dæmd verður stefnanda í máli þessu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera annars vegar ógoldin vinnulaun að fjárhæð kr. 100.000 og hins vegar fébætur vegna slyss, sem stefnandi hafi orðið fyrir í starfi hjá stefnda, að fjárhæð kr. 400.000.

Málavexti segir stefnandi þá, að hann hafi verið starfandi um mánaðaskeið sem húsgagnasmiður hjá stefnda við húsgagnasmiðar, þ. á m. svefnbekkja o. fl. húsmuna. Stefndi hafi eigi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og eftirgangsmuni getað fengið greidd öll vinnulaun sín og telji hann eftirstöðvar kaupkrafna nema allt að kr. 100.000, en það sé þó að öðru leyti óviss fjárupphæðin, svo stefnt sé til öryggis fyrir kr. 100.000 vinnulaunum, meðan nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir, en þær séu í förum stefnda, bæði hvað varðar tímalaun og laun fyrir ákvæðisvinnu. Stefnandi hafi orðið fyrir slysi 7. nóvember sl., er hann hafi verið við vinnu hjá stefnda. Hann hafi lent með þumalfingur vinstri handar í sögunarvél stefnda og hlotið af bæði tímabundna og varanlega örorku, sem hafi verið metin 7% varanleg. Stefnandi hafi verið frá vinnu vegna þessa slyss allt fram í miðjan janúar 1973 og hafi hann engar bætur fengið greiddar frá stefnda þrátt fyrir skyldu stefnda til að greiða stefnanda bætur. Hvort tveggja sé hér um að kenna óöruggum búnaði vélarinnar, sem stefnandi hafi lent með fingurinn í, og einnig sé aðstöðupláss til vinnu óbæri-

legt með öllu. Stefndi hafi ekki keypt slysatryggingu fyrir stefnanda. Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2—23 greinargerð og ýmiss skjöl, er varða stefnukröfuna. Í greinargerðinni tekur stefnandi fram, að stefndi hafi viðurkennt að skulda stefnanda vanguardin vinnulaun, kr. 60.000, og beri að leggja þá tölu til grundvallar við dómsálagningu, nema annað sannist síðar undir rekstri málsins. Verður að telja þetta breytingu á þessum lið stefnukröfu.

Stefndi sótti þing við þingfestingu málsins og síðar, en í bæjarþinginu 28. júní sl. sótti lögmaður þing af hans hálfu og fékk frest til greinargerðar til 13. september sl., en þá féll þingsókn niður, án þess að nokkrar varnir hefðu komið fram, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn löghaldskostnaður, ákveðst kr. 70.000.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson vegna Svefnbekkjaiðjunnar, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Magnússyni, kr. 460.000 með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags og kr. 70.000 í málskostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógataréttar Reykjavíkur 18. apríl 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 18. apríl, var fógataréttur Reykjavíkur settur að Höfðatúni 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 16/1973: Guðmundur Magnússon gegn Svefnbekkjaiðjunni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni. Nr. 1 fylgir með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 200.000, málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í staðfestingarmáli, kostnaði við gerðina

og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarpola er mættur Jónas Guðlaugsson, eigandi Svefnbekkjaiðjunnar. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta, lýsti fógeti yfir löghaldi í eign gerðarpola, trésmíðavél af gerðinni Record með fylgihlutum, þússningavél af gerðinni D. C. L., ítölsk tegund.

Fógeti ákvað 40.000 króna tryggingu.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 16. maí 1975.

Nr. 91/1974. **Dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar**
Gunnar Björnsson
Ólafur Guðmundsson
Þorkell Pálsson og
Theodór Marinósson
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
 gegn
Vestfold Bil & Karosseri A/S
 (Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 7. júní 1973. Útivistardómur gekk í því máli 3. maí 1974. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. maí 1974. Krefjast áfrýjendur